

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 162/2006 um gjaldtöku fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár og almannaheillafélagaskrár.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Reglugerð um gjaldtöku fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár, sjálfseignarstofnanaskrár, almannaheillafélagaskrár, firmaskrár o.fl.

2. gr.

Heiti I. kafla reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Gjaldtaka fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár, sjálfseignarstofnana-skrár, almannaheillafélagaskrár, firmaskrár o.fl.

3. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ríkisskattstjóri skal taka gjald fyrir útgáfu kennitölu, skráningu í fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá, sjálfseignarstofnanaskrá, almannaheillafélagaskrá, firmaskrá o.fl. og fyrir afhendingu vottorða, upplýsinga og gagna úr skránum eftir því sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir aðgang að upplýsingum skv. 4. gr.

4. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Gjald fyrir útgáfu kennitölu og skráningu í fyrirtækjaskrá kr. 5.000

Gjald fyrir afhendingu gagna á pappír er sem hér segir:

1. Endurrit eða ljósrit af samþykktum, stofnsamningum, kr. 1.500

stofnfundargerðum, aukatilkyningum eða öðrum gögnum

2. Vottorð um einstök hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög o.fl. kr. 1.500

skv. tölvuskráðum upplýsingum

3. Sérútbúið vottorð kr. 3.000

Gjald fyrir afhendingu gagna í vefverslun á upplýsingasíðu Skattsins er sem hér segir:

1. Rafrænt innsiglið endurrit eða ljósrit af samþykktum, kr. 1.000

stofnsamningum, stofnfundargerðum, aukatilkyningum

eða öðrum gögnum

2. Rafrænt innsiglið vottorð um einstök hlutafélög, einkahlutafélög, kr. 1.000

samvinnufélög o.fl. skv. tölvuskráðum upplýsingum

5. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við uppflettingu á vef Skattsins, vefþjónustu eða sambærilegu vefviðmóti, eftir því sem við á um viðkomandi félagaform:

a. heiti félags og útibú tilgreind ef við á,

b. erlent aukheiti,

c. rekstrarform,

d. kennitala,

e. heimilisfang,

f. póstfang,

- g. stofndagur og/eða skráningardagur,
- h. nöfn, kennitölur og lögheimili stjórnar- og varastjórnarmanna,
- i. nöfn, kennitölur og lögheimili félagsmanna sameignar- og samlagsfélaga,
- j. nöfn, kennitölur og lögheimili útibússtjóra,
- k. nöfn, kennitölur og lögheimili framkvæmdastjóra,
- l. nöfn, kennitölur og lögheimili prókúruhafa,
- m. hverjir riti firmað,
- n. nöfn, kennitölur og lögheimili endurskoðenda eða skoðunarmanna,
- o. atvinnugreinaflokkun,
- p. slit félags,
- q. hlutafé eða stofnfé,
- r. hvort lausnarskylda sé á hlutum eða hömlur á meðferð hlutabréfa ef við á,
- s. dagsetning samþykktar eða félagssamnings,
- t. tilgangur félags,
- u. reikningsár,
- v. fjárhæð hluta og atkvæðisréttur hluthafa,
- w. hvort nokkrum hlutum í félaginu skuli fylgja sérstök réttindi,
- x. hverjar þær upplýsingar sem fyrirtækjaskrá telur nauðsynlegt eða hagkvæmt að birta vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

6. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að gera samning um tengingu við vefgátt eða sambærilegt viðmót vegna aðgangs að upplýsingum skv. 4. gr. til eigin nota viðsemjanda á grundvelli notkunar hans. Uppfletting skal vera gjaldfrjáls, sbr. 2. mgr. 1. gr.

7. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Með samningi við ríkisskattstjóra getur fyrirtæki eða stofnun fengið rafrænan aðgang að gagnagrunni fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár, sjálfseignarstofnanaskrár, almannaheillafélagaskrár og firmaskrár og heimild til miðlunar tiltekinna upplýsinga úr skránum til annarra. Gjaldtaka fyrir slíka heimild skal vera:

1. Stofngjald/tengigjald	kr. 195.900
2. Mánaðarlegt þjónustugjald	kr. 9.900
3. Fyrir sérhvert vefkall þar sem sóttar eru samþykktir, stofnsamningar, stofnfundargerðir, aukatilkynningar eða önnur gögn	kr. 1.000
4. Uppfletting upplýsinga skv. 4. gr.	kr. 0

8. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Um gjaldtöku fyrir skráningu félaga, sjóða og stofnana, og skráningu breytinga fer að öðru leyti eftir lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, 2. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, 2. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991, 7. mgr. 45. gr. laga um sameignarfélag nr. 50/2007, 2. mgr. 37. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr.

Nr. 732

7. júní 2024

33/1999, 20. gr. laga um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr. 119/2019, og 33. gr. laga um félög til almannaheilla nr. 110/2021, og öðlast gildi 1. júlí 2024.

Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, 7. júní 2024.

F. h. r.
Ingvi Már Pálsson.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2024